

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík 25. apríl 2016

Efni: Umsögn SA um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (tryggingagjald, samsköttun milli skattþrepa o.fl.) 667. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint mál. Tilfni frumvarpsins er m.a. samkomulag stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um lækkun tryggingagjalds um 0,5% á þessu ári og 0,5% á árinu 2017. SA treysta því að þetta ákvæði frumvarpsins verði að lögum á yfirstandi þingi. Jafnframt leggja SA til að fyrirhuguð lækkun á árinu 2017 verði tekin inn í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar og lögfest líkt og önnur ákvæði frumvarpsins.

Jafnframt minna samtökin á handsalað samkomulag við stjórnvöld um að stefnt skuli að almenna tryggingagjaldið verði komið í fyrra horf, þ.e. í 4,5%, á árinu 2018, enda skapi lækkun vaxtabyrði ríkissjóðs samhliða lækkun skulda ríkisins svigrúm til lækkunar gjaldsins.

SA áréttar mikilvægi lækkunar tryggingagjaldsins til fyrra horfs til að auðvelda fyrirtækjum að mæta umsömdum launahækkunum og jöfnun lífeyrisréttinda samkvæmt nýgerðum kjarasamningum sem gilda til loka árs 2018 án þess að raska efnahagslegum stöðugleika.

Önnur ákvæði frumvarpsins hafa flest það að markmiði að einfalda skattkerfið og þar með skatteftirlit hins opinbera. Það í samræmi við stefnu SA um að skattkerfi hins opinbera skuli vera einfalt og gagnsætt þannig að það stuðli að betri skilning skattborgaranna, dragi úr skattsvikum og lækki kostnað skattyfirvalda og almennings.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Árnason